

Vegagerðin
Auðunn Hálfðánarson
Borgarbraut 66
310 Borgarnes

2000070002
3609; 3811; 9310

Reykjavík, 1. ágúst 2000
/--

**Efni: Vestfjarðavegur um Dalafjall (Bröttubrekku). Hringvegur-Brúnkollugil.
Ákvörðun um matsskyldu.**

Þann 4. júlí 2000 barst Skipulagsstofnun erindi Vegagerðarinnar dags. 28. júní 2000 þar sem greint er frá því að fyrirhugað sé að leggja nýjan veg um Dalafjall (Bröttubrekku) frá Hringvegi að Brúnkollugili í Borgar- og Dalabyggð. Fram kemur að framkvæmdin geti fallið undir 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum vegna stærðar námusvæðis og vegna þess að vegurinn liggur yfir 6 mýrlendi sem eru stærri en 3 ha, en að mati Vegagerðarinnar sé ekki talið að framkvæmdin hafi umtalsverð umhverfisáhrif og er mælt til að hún verði ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun leitaði álits sveitarstjórnar Borgarbyggðar, sveitarstjórnar Dalabyggðar og Náttúruverndar ríkisins. Álit barst frá sveitarstjórn Borgarbyggðar, með bréfi dags. 27. júlí 2000, sveitarstjórn Dalabyggðar, með bréfi dags. 20. júlí og Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 27. júlí 2000.

Í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar kemur fram að fyrirhugaður vegur verði 11,3 km langur. Rúmlega helmingur vegarins, þ.e. 6 km, liggja um óraskað land í næsta nágrenni núverandi vegar. Við framkvæmdina sé áætlað að taka 70.000 m^3 af efni úr námum sem til samans náa yfir 34.000 m^2 og 360.000 m^3 úr skeringum á vegsvæði. Jákvæð áhrif framkvæmdarinnar verði bættar samgöngur milli byggðarlaga á Vesturlandi með uppbyggðum og öruggum heilsársvegi. Fram kemur að rannsóknir á gróðurfari og fuglalífi voru gerðar af Náttúrufræðistofnun Íslands og var útbúið gróðurkort af framkvæmdasvæðinu í mkv. 1:10.000, gróðurlendum sem veglínan mun liggja um lýst og þau flokkuð eftir ríkjandi tegundum. Fornleifastofan skráði fornleifar á framkvæmdasvæðinu og var ennfremur gerð könnun á efni til vegagerðar af Jarðfræðistofu ÁGVST.

Helstu umhverfisáhrif og mótvægisáðgerðir samkvæmt framlögðum gögnum Vegagerðarinnar

Áhrif á menn og samfélag

Veðurskilyrði, s.s hætta á hálfu og snjósöfnun, eru talin hagstæðari á fyrirhuguðum vegi en núverandi vegi. Ekki er talið að framkvæmdin hafi afgerandi áhrif á búskap en búast megi við einhverjum óþægindum á framkvæmdatíma. Vegurinn verði með bundnu slitlagi. Girt verði meðfram veginum þar sem núverandi girðingar verða eyðilagðar í samráði við landeigendur. Landeigendum verði greiddar bætur fyrir það land sem lendir undir vegarframkvæmdum.

Áhrif á menningarminjar

Samkvæmt framlögðum gögnum eru 2-3 minjastaðir í hættu vegna framkvæmdanna, þ.e. rúst við Bjarnardalsá (st. 4.100), mógrafir (st. 2.500) og fornleið. Engin þeirra teljist hafa hátt minjagildi. Tekið verði tillit til allra menningarminja sem eru í nágrenni veglínunnar, reynt að sneiða hjá þeim og koma í veg fyrir að þær spillist við umferð vinnuvéla.

Áhrif á jarðmyndanir og landslag

Framkvæmdin mun breyta landslagi með djúpum skeringum og 1,5-3 m háum fyllingum. Reynt verði að aðlaga brúnir skeringa að landinu. Núverandi vegur verði jafnaður út utan framkvæmdasvæðis, rofabörð í nágrenni hans löguð og fyllt í skurði meðfram honum. Ennfremur verði leitað eftir ráðgjöf hjá Náttúruvernd ríkisins og Landgræðslu ríkisins um val á grasfræi við uppgræðslu vegsvæðis.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að veglínan liggi um land sem sé að stórum hluta mjög bratt. Til að halli í veglínunni verði þar sem minnstur sé hún víða látin skáskerast í gegnum landið, þannig að ofan við veginn sé skering en neðan við hann fylling. Því verði um að ræða töluverðar skeringar og rask við framkvæmdina. Samkvæmt gögnum framkvæmdaraðila verði um 70.000 m³ af efni teknir úr þremur námum, sem samtals nái yfir 34.000 m² svæði. Samkvæmt afmörkun námasvæða á teikningum sé þó flatarmál námasvæða töluvert meira. Ennfremur bendir Náttúruvernd ríkisins á að þau umhverfisáhrif sem fylgi framkvæmdinni séu ekki eingöngu bundin við vegstæðið sjálft heldur fylgi einnig rask vegna fyrirhugaðra útskota og plana. Ekki sé enn ljóst nákvæmlega hvar þau verða staðsett. Þá verði rask samfara vinnubúðum verktaka en staðsetning þeirra sé ekki sýnd á teikningum.

Áhrif á gróður og dýralíf

Gróðurkort af framkvæmdasvæðinu nær yfir tæplega 17 km² lands. 95 % þess telst gróið, þar af 82% þurrlandi og 13% votlendi. Við framkvæmdina verði spjöll á votlendi sem eru stærri en 3 ha og njóta því sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Alls sáust 17 tegundir fugla á svæðinu og telst engin þeirra sjaldgæf á landsvísu. Bjarnardalsá er ein af þverám Norðurár í Borgarfirði og er talin góð uppeldisá fyrir laxaseyði.

Samkvæmt framlögðum gögnum verður lögð áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við vegsvæðið og verði m.a. allur akstur tækja bannaður utan vegsvæðis

nema að námum. Öllu efni verði ekið í veginn. Fram kemur að veglínan hafi verið færð á hluta leiðarinnar þar sem Náttúrufræðistofnun hafi mælt með því. Vegagerðin muni stuðla að endurheimt sambærilegs votlendis á svæðinu í stað þess sem tapast í samráði við landeigendur, Náttúruvernd ríkisins og nefnd um endurheimt votlendis. Ennfremur verði leitað eftir ráðgjöf hjá Náttúruvernd ríkisins og Landgræðslu ríkisins um val á grasfræi við uppgæðslu vegsvæðis.

Hvað varðar framkvæmdir við ár muni framkvæmdaraðili taka tillit til ábendinga Veiðimálastofnunar um að árbotni verði ekki raskað við byggingu ræsis á Bjarnardalsá fyrir ofan ármót Vesturár þannig að fiskgengt verði undir ræsið. Þess verði gætt að tímabundin gruggun í Bjarnardalsá eigi sér ekki stað á veiðitíma í ánni. Haft verði samráð við Veiðimálastofnun og veiðifélag Norðurár.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að framkvæmdin muni raska landslagsgerð sem njóta skuli verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd þar sem vegurinn muni liggja yfir mýrar sem eru stærri en 3 ha. Veglínan liggja um mýrar á samtals 3,3 km löngum kafla, sem er tæplega 30% leiðarinnar. Samkvæmt úttekt Náttúrufræðistofnunar Íslands á gróðri muni veglínan m.a. liggja um gróskumikið votlendi og mýri sem nokkur eftirsjá sé í þar sem tegundasamsetning í henni sé ekki algeng á svæðinu. Náttúruvernd ríkisins hafi ítrekað bent á verndargildi votlendis við umsagnir um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og mikilvægi þess að því verði ekki raskað frekar en orðið er. Lítið sé eftir af óspilltu votlendi á Íslandi sem sé afar mikilvægt vegna þess lífríkis sem það framfleytir og hafi framræsla þess víðtæk áhrif. Bent er á að stjórnvöld hafi markað stefnu í verndun og endurheimt votlendis og minnt á alþjóðlegar skuldbindingar Íslendinga, m.a. hvað varðar líffræðilegan fjölbreytileika. Með vísan til 2. t. l. í 3. viðauka við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og umfjöllunar hér að ofan telur Náttúruvernd ríkisins ljóst að fyrirhugað vegstæði liggja um viðkvæmt svæði sem hafi hátt verndargildi. Stofnunin telur ekki ásættanlegt að votlendi sé raskað nema að undangengnu mati á umhverfisáhrifum og telur vegna umfangs, eðlis og staðsetningar rétt að framkvæmdin verði háð mati samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Borgarbyggð telur að umhverfismat vegna fyrirhugaðrar veglagningar sé ekki nauðsynlegt verði röskun og neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar haldið í lágmarki og fylgt verði leiðbeiningum og óskum Náttúruverndar ríkisins, Veiðimálastofnunar og annarra fagaðila sem að málinu hafa komið.

Dalabyggð tekur undir álit Vegagerðinnar um að framkvæmdin hafi ekki umtalsverð umhverfisáhrif og mælist til að hún verði ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Um er að ræða lagningu nýs vegar og enduruppbyggingu vegar utan þéttbýlis á verndarsvæði, ásamt efnistöku þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 25.000 m² svæði eða stærra, sem samkvæmt 6. gr. og tölulið 10.b. og 2.a. í 2. viðauka í

lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

Eins og fram kemur í erindi Vegagerðarinnar hafa þegar farið fram rannsóknir á náttúruferum og menningarminjum á svæðinu og hefur framkvæmdaraðili, að mati Skipulagsstofnunar, leitast við að fylgja ábendingum sem þar koma fram við val á vegstæði.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu. Á grundvelli gagna framkvæmdaraðila, að fengnu álit sveitarstjórna Borgarbyggðar og Dalabyggðar og Náttúruverndar ríkisins er það mat Skipulagsstofnunar að þrátt fyrir staðsetningu framkvæmdar og hugsanleg áhrif hennar á votlendi sem nýtur sérstakar verndar skv. lögum um náttúruvernd og hugsanleg áhrif á landslag sé lagning Vestfjarðavegar um Dalafjall (Bröttubrekku) frá Hringvegi að Brúnkollugili ekki matsskyld framkvæmd samkvæmt fyrrnefndum lögum verði beitt þeim vinnureglum og mótvægisáðgerðum sem lagðar eru til í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar í samráði við Náttúruvernd ríkisins, veiðimálastjóra og Þjóðminjasafn Íslands.

Lagning Vestfjarðavegar um Dalafjall (Bröttubrekku) frá Hringvegi að Brúnkollugili er framkvæmdaleyfisskyld samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 m.s.b.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 2. september 2000.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Fylgiskjöl:

Álit Borgarbyggðar dags. 27. júlí 2000

Álit Dalabyggðar dags. 20. júlí 2000

Álit Náttúruverndar ríkisins dags. 27. júlí 2000

Afrit af bréfi Skipulagsstofnunar til Vegagerðarinnar dags. 1. ágúst 2000:

Umhverfisráðuneytið

Borgarbyggð

Dalabyggð

Náttúruvernd ríkisins